

Ár 2006, miðvikudaginn 4. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem fyrir gildistöku laga nr. 47/2006 um kjararáð tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og kjaranefndar

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lögin um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess. Skyldi þetta gilda þar til ráðið hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná, út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skyldu ráðast með kjarasamningum þar sem því yrði við komið. Kjararáð hefur enn ekki ákveðið hverjir muni framvegis sæta launaákvörðunum þess og nær úrskurður þessi því til allra sem Kjaradómur og kjaranefnd ákváðu laun.

II.

Með úrskurði Kjaradóms 19. desember 2005 hækkuðu laun forseta Íslands um 6,15%, en laun annarra sem heyrðu undir Kjaradóm um 8,16%. Í janúar 2006 voru sett lög nr. 2/2006 um breytingu á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd. Með þeim lögum var úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 numinn úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Frá sama tíma skyldu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%. Jafnframt sagði í lögnum að úrskurðir Kjaradóms og kjaranefndar skyldu taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Í greinargerð með frumvarpinu sagði, að í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði hefði ekki verið gert ráð fyrir öðrum launahækkunum en þeirri 2,5% hækkun launataxta sem kom til framkvæmda um áramótin 2005-2006, nema til kæmu breytingar sem leiddu af niðurstöðum endurskoðunarnefndar samningsaðila á hinum almenna vinnumarkaði. Í þessu fælist meðal annars að Kjaradómi og kjaranefnd væri gert að horfa fram hjá hugsanlegum umframhækkunum launataxta afmarkaðra hópa og launaskriði. Kjaradómur og kjaranefnd höfðu því ekki heimild til að bregðast við breytingum sem urðu á launum viðmiðunarhópa, þar á meðal samningsbundnum hækkunum sem leiddu af breytingu á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna 1. maí 2006, að meðaltali 3,8%. Lög um Kjaradóm og kjaranefnd féllu úr gildi við gildistöku laga um kjararáð nr. 47/2006.

III.

Í 8. grein laga um kjararáð segir, að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. grein laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. grein hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Þau viðmið sem kjararáði er skylt að gæta fara ekki öll með sama hraða á sama tíma. Getur kjararáði því verið nauðsyn að fara bil tveggja eða fleiri viðmiða í hverjum einstökum almennum úrskurði sínum. Þá koma áhrif kjarasamninga ekki strax fram; í samningum er kveðið á um beinar launahækkningar en í þeim felast oft ýmis önnur atriði, svo sem breytingar á röðun í launaflokka, þannig að heildarlaunahækkun verður meiri en beint verður lesin úr samningum. Hækkningar sem kjararáð ákveður á grundvelli kjarasamninga eða almennrar launaþróunar hljóta því að einhverju leyti að koma eftir á.

Kjararáð hefur borið breytingar á launum þeirra sem tekið hafa laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, saman við þau viðmið sem nefnd eru í 8. grein laganna. Ráðið telur eðlilegt að miða upphafspunkt samanburðarins við tímabilið fyrir gerð núgildandi kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Kjararáð tekur þó fullt tillit til ákvörðunar löggjafans með lögum nr. 2/2006. Fyrstu samningar milli landssambanda Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) voru undirritaðir í mars 2004. Lágmarkshækkun samkvæmt þeim var 9% frá fyrsta ársfjórðungi 2004 til annars ársfjórðungs 2006, en samningsbundin hækkun var rúm 11% að meðaltali að teknu tilliti til breytinga á launatöflum. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf á almennum vinnumarkaði hækkuðu á sama tíma um rúm 16%. Lágmarkshækkningar á launum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna voru rúm 7% á viðmiðunartímanum en umsamdar hækkningar 12% að meðaltali að teknu tilliti breytinga á launatöflum. Samkvæmt samkomulagi forsendu-nefndar ASÍ og SA um launaþróunartryggingu þann 22. júní 2006 skyldi hver launþegi sem í starfi var frá júní 2005 til júlíbyrjunar 2006 fá a.m.k. 5,5% launahækkun á því tímabili. Niðurstaða þess samkomulags gildir einnig fyrir ríkisstarfsmenn vegna forsenduákvæðis í kjarasamningum þeirra. Kjararáð lítur svo á að hækkun launa um 2% 1. júlí 2005 til þeirra sem heyrðu undir Kjaradóm hafi falið í sér leiðréttingu vegna launaþróunar á vinnumarkaði fram til júní 2005.

Almennt eru umsamdar launabreytingar aðeins trygging fyrir lágmarks-launabreytingum. Ýmsir aðrir þættir hafa einnig áhrif til hækkunar launa, bæði kjarasamningsbundnar hækkningar, svo sem niðurröðun í launatöflur og aldurstilfærslur, en einnig eftirspurn eftir vinnuafli og batnandi afkoma þjóðarbúsins. Til að meta áhrif slíkra þátta á almenn kjör má styðjast við launavísitölu Hagstofu Íslands, sem er ætlað að mæla breytingu heildarlauna fyrir fastan vinnutíma. Á tímabilinu frá fyrsta ársfjórðungi 2004 til annars ársfjórðungs 2006 hækkaði launavísitala Hagstofu Íslands fyrir vinnumarkaðinn í heild um 17,5%. Launavísitala fyrir almenna vinnumarkaðinn hækkaði á sama tíma um 17,9% en launavísitala fyrir opinbera starfsmenn og bankamenn um 17%. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var launaþróun háskólamenntaðra starfsmanna hins opinbera svipuð. Almenn launaþróun hefur því verið umfram þær lágmarks-launahækkningar sem samið var um.

Sé litið til þeirra hópa í þjóðfélaginu sem sambærilegir geta talist við þá sem heyra undir kjararáð, með tilliti til starfa og ábyrgðar, liggur beinast við að líta til stjórnenda fyrirtækja á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hækkuðu laun þessa hóps svipað og launavísitala fyrir opinbera starfsmenn og bankamenn frá fyrsta ársfjórðungi 2004 til annars ársfjórðungs 2006.

Á viðmiðunartímanum hafa laun embættismanna sem áður heyrðu undir kjaranefnd hækkað um rúmlega 12% að meðaltali og laun þeirra sem heyrðu undir Kjaradóm um tæplega 8%.

IV.

Í 10. grein laga nr. 47/2006 um kjararáð segir, að það skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa, og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu, sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum, eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Mat kjararáðs er að tilefni sé nú til almennrar hækkunar á launum þeirra sem ráðið ákveður laun. Kjararáð mun síðar taka launakjör einstakra hópa og einstaklinga, sem undir ráðið heyra, til sérstakrar skoðunar.

Í lögnum er ekki gert ráð fyrir að fullskipað kjararáð ákvarði laun og starfskjör þeirra ríkisstarfsmanna sem falla undir 4. grein þeirra. Í 4. grein starfsreglna ráðsins segir, að ákvarðanir um almennar launahækkanir til þeirra sem heyra undir kjararáð, svo og aðrar stefnumarkandi ákvarðanir, skuli teknar af fullskipuðu ráði og stendur það því að þessari ákvörðun. Eins og áður er fram komið, hefur kjararáð enn ekki tekið ákvörðun samkvæmt 5. grein laganna, um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. grein nái.

Í samræmi við 6. grein laga um kjararáð var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna þessarar ákvörðunar, sem gert var með bréfi 4. október 2006.

V.

Nú þegar kjararáð tekur fyrstu ákvörðun sína, er nauðsynlegt að huga sérstaklega að því frá hvaða tíma sú ákvörðun geti gilt og einnig til hvaða tíma viðmiðanir samkvæmt 8. grein laga nr. 47/2006 geti tekið. Með lögum nr. 2/2006 var ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember 2005 afnumin og þar með sú hækkun sem þar var ákveðin og hafði gilt frá 1. janúar 2006. Í lögnum var ákveðið að þess í stað skyldu laun þeirra sem undir Kjaradóm heyrðu hækka um 2,5% frá og með 1. febrúar 2006. Að öðru leyti voru laun þeirra sem heyrðu undir Kjaradóm og kjaranefnd fryst til ársloka 2006 með þeirri undantekningu einni að taka skyldi tillit til samningsbundinna hækkana kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Lög nr. 2/2006 féllu úr gildi með gildistöku laga nr. 47/2006 þann 1. júlí 2006. Ákvörðunarheimildir kjararáðs ná því frá 1. júlí 2006, en ekki verður litið fram hjá því að ákvörðun samkvæmt lögum nr. 2/2006 um 2,5% launahækkun tók gildi þann 1. febrúar 2006 og er enn í gildi. Kjararáð telur þess vegna að því beri að miða gildistöku ákvörðunar sinnar við 1. júlí 2006 eða síðari tíma, en sé rétt að nota ákvörðun sem Alþingi tók í lögum nr. 2/2006 sem grunn að nýrri ákvörðun.

Að ofan var vísað til þess að viðmið samkvæmt 8. grein laga nr. 47/2006 fara ekki öll með sama hraða á sama tíma og geti kjararáði því verið nauðsyn að fara bil tveggja

eða fleiri viðmiða í hverjum einstökum almennum úrskurði sínum. Eina sammingsbundna lágmarkstryggingin á almennum vinnumarkaði er sú sem felst í launaþróunartryggingu í samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA frá 22. júní 2006, það er um 5,5% hækkun frá júní 2005 til júlí 2006. Á gildistíma laga nr. 2/2006 var Kjaradómi og kjaranefnd ætlað að horfa framhjá hugsanlegum umframhækkunum launataxta afmarkaðra hópa og launaskriði. Kjararáð telur að með síðast tilgreindum orðum hafi Alþingi bundið hendur þess vegna tímans fram til 1. júlí 2006. Efnisákvæði laga nr. 2/2006 voru numin úr gildi með setningu laga nr. 47/2006, en hvorki verður ráðið af ákvæðum síðarnefndu laganna né lögskýringargögnum, að ætlun löggjafans hafi verið að veita kjararáði heimild til að taka aftur eða breyta afturvirktri þeirri réttarverkan, sem Alþingi ætlaðist til að lög nr. 2/2006 hefðu, á meðan þau giltu. Verður því að telja að upphafsdagur viðmiða kjararáðs samkvæmt 8. grein laga nr. 47/2006 skuli vera gildistökudagur þeirra, 1. júlí 2006.

Að öllu ofangreindu gættu ákveður kjararáð að þeir sem undir ráðið heyra skuli fá 3% launahækkun frá og með 1. júlí 2006 til viðbótar þeirri 2,5% hækkun sem þeir fengu 1. janúar eða 1. febrúar 2006.

VI.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem fyrir gildistöku laga nr. 47/2006 um kjararáð tóku laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar skulu hækka um 3% frá 1. júlí 2006.

Ákvæði um önnur starfskjör skulu vera óbreytt frá fyrri ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Svanhildur Kaaber